

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi.

#### 1. gr.

Flóahreppi er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald, sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 352/2009, 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 og 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Fyrir hálfsmánaðarlega tæmingu, sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

a) 240 lítra tunna	15.370 kr.
b) 660 lítra kar	42.296 kr.
c) 1.100 lítra kar	70.397 kr.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Íbúðir	14.652 kr.
Sumarhús	14.652 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	31.970 kr.
Atvinnurekstur lögbyli	17.317 kr.
Seyrulosun íbúðarhús/sumarhús	9.120 kr.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 9. nóvember 2016 og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 1302/2015 fellur úr gildi við gildistöku þessarar.

*Flóahreppi, 14. desember 2016.*

**Eydís Þ. Indriðadóttir** sveitarstjóri.